



GJALDSKRÁ
fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð
1.1.2024

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Úrgangsförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2024 er gjaldið kr. 31.050.-vegna hvernar almennar sorptunnu. *Úrgangshreinsunargjald* þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2024 er gjaldið kr. 45.152.- vegna fyrir hverja almenna sorptunnu. Með hverri almennri sorptunnu fylgja endurvinnslutunnur.

Óski greiðendur eftir auka tunnum, fyrir endurvinnsluúrgang (græna, brúna eða bláa tunnu) skal greiða kr. 14.000 á ári fyrir.

3. gr.

Árið 2024 greiða heimili og fyrirtæki fyrir gjaldskyldan úrgang skilað á móttöku- og söfnunarstaði Fjarðabyggðar. Upplýsingar um gjaldskyldan og gjaldfrjálsan úrgang frá heimilum má finna á heimasíðu fjarðabyggðar. Klippikort sem rúmar 2m³ má nálgast á næstu móttökustöð eða skrifstofu fjarðabyggðar. Verð á klippikorti til heimila er kr. 8.000.-

Frá 1. janúar 2024 hefst innheimta allra útgefinna klippikorta til heimila.

Allur úrgangur fyrirtækja sem skilað er á móttökustöðvar er gjaldskyldur árið 2024. Greitt er með klippikorti fyrirtækja sem fæst á skrifstofu Fjarðabyggðar (klippikort@fjardabyggd.is) fyrir kr. 32.000.-. Hvert klippikort fyrirtækja rúmar 2m³. Fyrirtækjum býðst að gera þjónustusamning hjá umhverfisþjónustum varðandi sína úrgangslosun og hafa viðeigandi ílát fyrir hvern flokk úrgangs.

Klippikort rúma 2m³ efnis og skiptast í 6 x 0,125m³ einingu og 5 x 0,250m³ einingu.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á móttökustöðvunum eru eftirfarandi.



Gjaldskrá 2024:

	Kr/m ³		
	0,125m ³	0,250m ³	2,0m ³
Heimili:			
Óflokkaður úrgangur (2 x klipp/m ³)	1.000	2.000	16.000
Gjaldskyldur heimilisúrgangur - flokkað efni *)	500	1.000	8.000
Gjaldfrjáls heimilisúrgangur - flokkað efni **)	0	0	0
Fyrirtæki:			
Óflokkaður úrgangur (2 x klipp/m ³)	4.000	8.000	64.000
Flokkaður úrgangur (1 x klipp/m ³) *) **)	2.000	4.000	32.000

*) Asbest, Einangrun, Blandaður úrgangur, Flísar, Flugeldar, Gifs, Gashylki, Gluggar, Matarolía, Hreinlætistæki, Járnbundin steypa, Olíumálning, Rúðugler, Olíusíur, Malbik, Brunaboðar Málað timbur, Ómálað timbur, Urðunarefni, Steypa, Slökkvitæki, Vörubretti, Spilliefni, Tjörupappír.

**) Gler, Bækur, Hjólbarðar, Flúrperur, Sólarraflöður, Plastumbúðir, Kæli- og frystitæki, Úðabrusar, Fraudplast, Vírar og Kaplar, Raftæki, Glær plastfilma, Dagblöð, Prentylki, Ljósaperur, Möl og sandur, Glært gler, Harðar og mjúkar plastumbúðir, Rafgeymar, Garðaúrgangur, Litað gler, Sléttur pappír, Raflöður, Pappír, Sjónvörp og skjáir, Hart plast, Málmar, Smáraftæki, Vatnsmálning, Skjöl, Málmumbúðir, Stór raftæki, Stór plastfilma, Bylgjupappi, Postulín, Úrgangsolía, Trjábolir og rætur, Lituð plastfilma.

4. gr.

Úrgangur skal vera flokkaður við skil á urðunarstað í samræmi við móttökuskilyrði.

Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi eru eftirfarandi:

	kr/kg með VSK
Grófur úrgangur	56
Blandaður úrgangur	56
Timbur	53
Kjöt og sláturúrgangur	47
Seyra	42
Fita	42

**Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá.*

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Fjarðabyggð.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjaldalagi gjalda skv. 3., 4. og 5. grein er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.



6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1474/2022.

Fjarðabyggð 6. desember 2023

Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjórn

Samþykkt í Umhverfis- og skipulagsnefnd 10. október 2023

Samþykkt í bæjarráði 13.11.2023

Samþykkt í bæjarstjórn 16.11.2023